

Úthlutunarreglur einstaklingsstyrkja hjá Flóamennt

Þróunar og símenntunarsjóður Eflingar/Hlífar/Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og ríkisins/endurhæfingarmiðstöðva/dvalar- og hjúkrunarheimila.

Sjóðnum er ætlað að styrkja félagsmenn Eflingar-stéttarfélags, Hlífar og VSFK við að sækja sér menntun sem í boði er á almennum fræðslumarkaði.

1. Félagsmaður sem unnið hefur og greitt félagsgjöld í 6 mánuði af síðustu 24 mánuðum, á rétt á fræðslustyrk.
2. Við ákvörðun upphæðar styrkja er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða frá því að umsókn berst. Félagsgjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða hærra gefur fulla styrkupphæð. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum.
3. Til að fá greiddan styrk þarf að fylla út umsóknareyðublað og skila frumriti reiknings námskeiðs/skólagjalda til viðkomandi stéttarfélags í síðasta lagi innan 12 mánaða frá dagsetningu reiknings. Ekki er greitt fyrir nám/námskeið sem hófst fyrir samfellda félagsaðild.
4. Áunnin réttindi félagsmanna haldast óbreytt þrátt fyrir flutning milli starfssviða Flóabandalagsins. Einnig eru samningar um réttindaflutning milli allra sjóða innan Starfsgreinasambandsins og V.R.
5. Félagsmaður sem hverfur frá vinnu heldur áunnum réttindum sínum til styrks í 3 mánuði. Að 3 mánuðum liðnum fellur réttur hans niður. Hverfi félagsmaður frá vinnu vegna veikinda, heimilisástæðna eða af öðrum gildum ástæðum heldur rétti sínum til styrks í allt að 24 mánuði, enda komi starfsmaður aftur til starfa eftir starfshlé. Starfsmaður sem lætur af störfum vegna aldurs heldur áunnum réttindum í 24 mánuði eftir starfslok.
6. Foreldrar í fæðingar- eða foreldraorlofi og atvinnulausir félagsmenn geta nýtt sér áunnin rétt ef þeir velja að greiða félagsgjöld á tímabilinu.
7. Félagsmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta sótt um styrk vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt til félagsins í 1 mánuð.

Upphæð endurgreiðslu

- Hámarksstyrkur á ári fyrir alla styrki (nám, námskeið, ferðir) er 75.000 kr. ef félagsmaður á full réttindi í sjóðnum. Annars í hlutfalli við vinnu sl. 12. mánuði.
- Hámarksstyrkur á ári fyrir tómsundastyrki er 20.000 kr. ef félagsmaður á full réttindi í sjóðnum. Annars í hlutfalli við vinnu sl. 12. mánuði.
- Aldrei er greitt meira en 75% af námskeiðskostnaði. Bókakostnaður, kostnaður v/ prófa og skólafélags-/nemendafélagsgjöld eru ekki endurgreidd.
- Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár eiga rétt á styrk allt að 225.000 kr. fyrir eitt samfellt starfstengt nám samkvæmt nánari reglum sjóðsins.

- *Áréttað er að félagsmaður hefur 3 mánuði til að skila inn umsókn eftir að hann hættir að vinna og greitt er fyrir nám/námskeið sem hófst á meðan umsækjandi greiddi til félagsins.*
- Félagsmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta sótt um allt að 90% endurgreiðslu vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt til félagsins í 1 mánuð.
- Félagsmenn geta sótt um allt að 90% endurgreiðslu vegna starfstengds náms.
- Félagsmenn eiga rétt á styrk vegna meiraprófs allt að 100.000 kr.

Styrkir vegna náms- og kynnisferða

Vegna starfstengdra námsferða erlendis er veittur styrkur að hámarki 75.000 kr., þó ekki meira en sem nemur kostnaði. Styrkurinn er veittur á 3 ára fresti.

Vegna starfstengdra námsferða innanlands er veittur styrkur að hámarki 35.000 kr., þó ekki meira en sem nemur kostnaði. Styrkurinn er veittur á 2 ára fresti.

Með umsókn þarf að fylgja markmið og mat yfirmanns á því hvernig ferðin mun nýtast í starfi, staðfesting móttökuaðila og afrit af ferðagögnum.

Tekið er við umsóknum til og með 20. hvers mánaðar og greitt er út fyrsta virka dag í mánuði. Greitt er inn á bankareikning viðkomandi.

Reikningur á nafni félagsmanns og staðfesting á greiðslu þurfa að fylgja umsókn og mega ekki vera eldri en 12 mánaða. Á gögnum þarf að koma fram nám/námskeiðslýsing ásamt nafni og kt. fræðsluaðila eða stimpill viðkomandi fyrirtækis. Greiðslukvittun úr heimabanka dugur ekki ein og sér. Athugið að mikilvægt er að öll gögnin berist samtímis.

uppfært febrúar 2017